



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

531. fundur stjórnar SSH
haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 1. nóvember 2021
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Gunnar Einarsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Karl Magnús Kristjánsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH.

Dagskrá:

1. **Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins - Sóknaráætlun 2020-2024 - 2102010**

Á 529. fundi stjórnar var áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna málsins:

"Á 525. fundi stjórnar var samþykkt að halda áfram vinnu við verkefnið sbr. tillögur sem komu fram í minnisblaði verkefnastjóra. Þar skyldi skoða sérstaklega fjármögnun og tekjumódel með hagaðilum, ásamt tilflutningi verkefna. Þar skyldi horft til þeirrar vinnu um stofnun áfangastaða- og markaðsstofu til framtíðar sem þegar hafði farið fram um verkefnið í áfanga 1. Formanni stjórnar og framkvæmdastjóra var falið að hefja viðræður við ríkið, sem og atvinnulífið, um fjármögnun og samstarf vegna þessa verkefnis. Formaður og framkvæmdastjóri SSH áttu fund með atvinnu- og nýsköpunarráðherra í júní 2021 til að ræða aðkomu ráðuneytisins. Fyrirliggjandi er tölvupóstur skrifstofu ferðamála og nýsköpunar dags. 7. september 2021 um aðkomu ráðuneytis að stofnun áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins. Þá er fyrirliggjandi minnisblað verkefnastjóra dags. 30. september 2021 um fjármögnun og tekjumódel fyrir árið 2022. Inga Hlín Pálsdóttir verkefnastjóri og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstóri eru gestir fundarins undir þessum lið. Inga Hlín Pálsdóttir kynnir framangreint.

Niðurstaða

fundar:

Ofangreint verði sent til kynningar og umræðu hjá aðildarsveitarfélögum. Jafnframt verði þeim sveitarfélögum sem þess óska boðið upp á sérstaka kynningu um málið. Í framhaldi af því verður málið tekið fyrir á ný hjá stjórn."

Kynningar hafa nú farið fram hjá öllum bæjarráðum. Verkefnastjóri kynnir nýja tillögu um áframhald verkefnisins sem felur í sér að settur verður á fót samstarfsvettvangur sveitarfélaga og atvinnulífsins um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði verkefnastjóri til að stýra gerð áfangastaðaaætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið og annarrar stefnumótunar fyrir ferðamál á höfuðborgarsvæðinu, í samstarfi við sveitarfélögin og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

hagsmunaaðila í atvinnulífinu. Verkefnið heyrir undir SSH sem skipi stjórn samkvæmt tilnefningum og hvert sveitarfélag tilnefni fulltrúa í stefnuráð fyrir verkefnið.

Þá eru fyrirbyggjandi fundargerðir ráðgjafahóps verkefnisins.

Gestir

Inga Hlín Pálsdóttir -

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti framkomna tillögu um áframhald verkefnisins. Frekari kynning tillögunnar fari fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska. Stjórn felur framkvæmdastjóra að útfæra endanlegt fyrirkomulag og samstarfssamning samkvæmt tillögu ráðgjafahópsins og leggja fyrir stjórn á næsta fundi.

2. Þróunaráætlun 2020 - 2024 - 1812002

Á 518. fundi stjórnar SSH dags. 18. janúar 2021 var lögð fram til kynningar Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 - 2024, sem hafði verið afgreidd á fundi svæðisskipulagsnefndar dags 15. janúar 2021 og send sveitarfélögunum til afgreiðslu.

Fyrir fundinum liggja drög að minnisblaði sem unnið hefur verið af VSÓ ráðgjöf, dags. 12. október 2021, með stöðumati á þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins. Framkvæmdastjóri kynnir.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að yfirfara tölulegar upplýsingar minnisblaðsins í samráði við sveitarfélögin. Í kjölfarið verði upplýsingum minnisblaðsins komið á framfæri við sveitarfélögin og á opinberum vettvangi SSH.

3. SSH Fjárhagsáætlun - 1910010

Framhald umræðu frá 529. fundi. Fyrir liggur endanleg starfs- og fjárhagsáætlun SSH vegna ársins 2022, ásamt tillögu að árgjaldi sveitarfélaganna árið 2022. Liggur og fyrir minnisblað framkvæmdastjóra um framangreint. Eru þessi gögn lögð fram til umræðu, samþykktar og vísunar til aðalfundar SSH.

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun ársins 2022 fyrir sitt leyti og vísar henni til aðalfundar SSH sem haldinn verður 12.nóvember nk.

Samþykkt

4. Aðalfundur SSH 2021 - 2109001

Aðalfundur SSH og ársfundir byggðasamlaganna verða haldnir föstudaginn 12. nóvember í íþróttamiðstöð Gróttu, Suðurströnd, Seltjarnarnesi. Áætlað er að fundurinn standi frá 10:30 til 14:45 og verður endanleg dagskrá send út á næstu dögum. Þá liggja fyrir drög að ársskýrslu stjórnar 2020-2021.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að fullgera ársskýrsluna og önnur gögn fundarins.



5. Umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins - 2109010

Fyrirliggjandi er minnisblað frá velferðarsviði Reykjavíkur, dags. 7. september 2021, um umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins, þ.e. hvernig starfi þess og kostnaðarskiptingu gæti verið háttað ákveði sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að sameinast um starfsemi umdæmisráðs, á grundvelli nýrra laga um breytingar á barnaverndarlögum sem gildi taka 1. janúar nk. Hefur minnisblaðið verið tekið fyrir á fundi samráðshóps stjórnenda í velferðarþjónustu, dags. 8. september 2021, og var eftirfarandi bókað í fundargerð þess fundar vegna málsins.

"Umdæmisráð barnaverndar til umræðu. Katrín Helga Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri barnaverndar Reykjavíkur, situr fundinn undir þessum lið. Katrín skrifaði minnisblað þar sem lagt er til að höfuðborgarsvæðið verði með sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar skv. lögum um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, samþætting o.fl.) sem taka gildi 1. janúar n.k. Í minnisblaðinu er að finna grófa kostnaðaráætlun. Mat skv. minnisblaðinu er að með sameiginlegu umdæmisráði verði markmiðum frumvarpsins um faglega meðferð barnaverndarmála og sjálfstæði frá almennri stjórnsýslu sveitarfélaga betur náð en ef hvert sveitarfélag hefur sitt umdæmisráð. Gert er ráð fyrir að sameiginlegt umdæmisráð sjái um utanumhald funda og úrskurða. Ræða þarf hjá hverju og einu sveitarfélagi viljann til slíks samstarfs."

Þá var málið tekið aftur til umræðu á fundi samráðshópsins, hinn 13. október 2021, og var þá hverjum og einum sviðsstjóra falið að skoða málið betur í sínu baklandi auk þess sem lagt var til að málið yrði lagt fyrir félagsþjónustunefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Jafnframt er fyrirliggjandi minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur lögfræðings SSH, dags. 27. október 2021. Katrín Helga Hallgrímsdóttir er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir framangreint.

Gestir

Katrín Helga Hallgrímsdóttir -

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar og umræðu. Málinu er þá vísað til áframhaldandi umræðu á vettvangi samráðshóps stjórnenda í velferðarþjónustu sem móti frekari afstöðu og áætlanir. Að því loknu verði málið kynnt að nýju fyrir stjórn.

6. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007

Fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar frá 14. október 2021 lögð fram til kynningar. Áframhaldandi umræður frá 529. fundi hvað varðar fjárframlög til starfseminnar. Þá er gerð tillaga um að stjórn SSH heimsæki Fjölsmiðjuna á komandi vikum til frekari kynningar á starfseminni.

Niðurstaða:

Fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar, dags. 14. október 2021 lögð fram til kynningar. Þá er framkvæmdastjóra falið að skipuleggja ferð stjórnar í Fjölsmiðjuna.



7. Heimilislausir með fjölpættan vanda - 2106009

Á 527. fundi stjórnar SSH var ofangreint til umfjöllunar og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna málsins.

"Fyrirliggjandi er tölvupóstur Rannveigar Einarsdóttur, f.h. samráðshóps stjórnenda í velferðarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, dags. 15. júní 2021. Þar kemur fram að á fundi hópsins, hinn 9. júní 2021, hafi komið fram tillaga um að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, ráði verkefnastjóra til að vinna að undirbúningi, innleiðingu og framkvæmd samstarfs sveitarfélaga um búsetu fyrir heimilislausu með fjölpættan vanda. Er bókun fundarins send stjórn SSH til umfjöllunar.

Niðurstaða fundar:
Stjórn óskar eftir nánari útlistun tillögunnar frá samráðshópi stjórnenda í velferðarþjónustu hvað varðar m.a. umfang þessa verkefnis og kostnað. Jafnframt er óskað eftir nánari kynningu á fundi stjórnar."

Þá liggur fyrir minnisblað Rannveigar Einarsdóttur, dags. 28. október 2021 en hún er gestur fundarins undir þessum líð og kynnir framangreint.

Gestir

Rannveig Einarsdóttir -

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

8. Skíðasvæðin - Framtíðarsýn - 1501005

Fyrirliggjandi eru fundargerð verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 20. október 2021. Þá er fyrirliggjandi fundargerð Samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, dags. 6 október 2021 ásamt rekstraruppgjöri skíðasvæðanna fyrir janúar-ágúst 2021. Einnig liggur fyrir fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, fyrir árið 2022, sem var samþykkt á fundi samstarfsnefndar skíðasvæðanna hinn 6. október 2021.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar en fjárhagsáætlun skíðasvæðanna hefur verið send fjármálastjórum sveitarfélaganna.

9. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu - 1505001

Hinn 22. júní 2020 voru af hálfu sveitarfélaganna gerðar viðbætur á samkomulagi um viðhald grunnvatns- og rennislíkans á höfuðborgarsvæðinu vegna fjölgunar á rannsóknarholum við Bláfjöll. Fyrirliggjandi er fjárhagsáætlun vegna verkefna samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu fyrir árið 2022 og er hún lögð fram til kynningar. Þá er lögð fram fundargerð samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 6. október 2021.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar en fjárhagsáætlun hefur verið send fjármálastjórum



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

sveitarfélaganna.

10. Alzheimersamtökin - 2110009

Fyrirliggjandi er beiðni Alzheimersamtakanna um fundi með bæjarstjórum til að kynna þjónustu samtakanna, en fyrirhugað er að opna þjónustumiðstöð fyrir fólk sem er nýgreint eða skammt gengið með sinn sjúkdóm. Gert er ráð fyrir að fólk úr öllum aðildarsveitarfélögum SSH muni sækja þjónustuna og er óskað eftir samtali um mögulega aðkomu sveitarfélaganna.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

11. Stafrænt ráð sveitarfélaga -Þátttaka og framlög - 2110003

Fyrirliggjandi er bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 7. október sl., þar sem kynnt eru þau verkefni sem felast í umræddu samstarfi og kostnaðarskipting vegna þess. Er þá óskað eftir því að sveitarfélög skrái sig til þátttöku fyrir 1. nóvember 2021. Framangreint var einnig sent öllum sveitarfélögum og meðfylgjandi eru frekari upplýsingar, auk yfirlits yfir áætluð framlög sveitarfélaganna vegna stafræns samstarfs á árinu 2022. Bæjarstjóri Seltjarnarness hefur óskað eftir umfjöllun stjórnar um framangreint.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

12. UAR í átt að hringrásarhagkerfi -Tilnefning í stýrihóp - 2110002

Með bréfi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 7. október 2021, var óskað eftir tilnefningu SSH í stýrihóp til að tryggja framkvæmd heildarstefnu í úrgangsmálum. Óskað var eftir tilnefningu karls og konu til samræmis við ákvæði jafnréttislaga. Skyldu tilnefningar berast eigi síðar en 21. október 2021. Til samræmis við tillögu framkvæmdastjóra, sem kom fram í tölvupósti til stjórnar, 19. október sl., voru Gyða S. Björnsdóttir og Jón Viggó Gunnarsson tilnefnd af hálfu SSH, og var ráðuneytinu tilkynnt um það með bréfi dags. 21. október 2021. Er framangreint lagt fram til staðfestingar.

Niðurstaða:

Stjórn staðfestir tilnefningu Gyðu S. Björnsdóttur og Jóns Viggós Gunnarssonar í umræddan stýrihóp.

13. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál - 2110008

Lagðar fram til kynningar:
Fundargerð 74. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 8. september 2021.
Fundargerð 75. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, dags. 4. október 2021.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

14. Önnur mál - 2110011



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða:

*Umræður um kjaramál hjá sveitarfélögum, m.a. sem snúa að svokölluðum
hagvaxtarauka.*

*Framkvæmdastjóri kynnir þá nýtt fundakerfi og aðgengi að fundargögnum í
gegnum fundagátt.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.